


Fjallabyggð



Fréttatilkynning frá Fjallabyggð

Áætlaður rekstrarafgangur bæjarsjóðs fyrir árið 2017 er 177 mkr.

Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Fjallabyggðar fyrir árið 2017 var samþykkt á bæjarstjórnarfundi 18. nóvember 2016. Helstu niðurstöðutölur áætlunarinnar eru:

- Útsvarsprósenta er 14,48% og álagningarprósenta fasteignagjalda er óbreytt á milli ára.
- Skatttekjur ársins 2017 eru áætlaðar 1178 m.kr., en útkomuspá ársins 2016 er 1.167 m.kr.
- Heildartekjur 2017 verða 2.254 m.kr., en eru áætlaðar 2.225 m.kr. í útgönguspá 2016.
- Gjöld ársins 2017 eru áætluð 2.053 m.kr., en eru 2.084 m.kr. fyrir árið 2016.
- Áætluð rekstrarstaða ársins 2017 er jákvæð um 177 m.kr.
- Heildareignir sveitarfélagsins eru áætlaðar 4.440 m.kr. og eigið fé er 2.658 m.kr. eða 60% eiginfjárlutfall.
- Skuldir og skuldbindingar hækka aðeins á milli ára, sem eru tilkomnar vegna hækkunar lífeyrisskuldbindinga og eru áætlaðar 1.782 m.kr. Skuldaviðmið bæjarsjóðs er áætlað 67% fyrir 2017.
- Vaxtaberandi skuldir eru 479 m.kr. og eru óbreyttar á milli ára, en voru 536 m.kr. árið 2015.
- Veltufé frá rekstri er áætlað tæplega 400 m.kr., sem er tæplega 18% og framlegðarhlutfall er riflega 15%.
- Framkvæmt verður fyrir 321 m.kr. ásamt stækkun MTR, sem er sameiginlegt verkefni Fjallabyggðar, sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu og ríkisins.

Helstu framkvæmdir eru:

- | | |
|--------------------------------|-------------|
| a) Skólar og leikskólar | 62.0 m.kr. |
| b) Yfirlagnir malbiks og götur | 63.0 m.kr. |
| c) Holræsakerfi | 105.0 m.kr. |
| d) Bæjarbryggja | 35.0 m.kr. |
| e) Viðbygging MTR | 80.0 m.kr. |

Rekstur bæjarfélagsins Fjallabyggðar er mjög traustur, þrátt fyrir lægri skatttekjur en á árinu á undan, sem orsakast af lægra fiskverði og þarf af leiðandi lægri tekjum hafnarsjóðs og sjómanna. Þá hafa sveitarfélög þurft að taka á sig miklar launahækkanir frá árinu 2015.

18. nóvember 2016
f.h. bæjarstjórnar Fjallabyggðar

Gunnar Ingi Birgisson
bæjarstjóri